

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 2. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, laugardaginn 30. júní. kl.8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

#### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Nefndir og ráð Súðavíkurhrepps.
3. Ísafjarðará – leiga sumarið 2018. Erindi frá Þorgeiri Pálssyni og Jóhönnu Kristjánisdóttur.
4. Almenningar / afréttir í Súðavíkurhreppi.
5. Ábyrgð og skyldur Súðavíkurhrepps varðandi neysluvatn í Reykjanesi.
6. Bláberjadagar í Súðavík.
7. Ný heimasíða Súðavíkurhrepps – framhald umræðu frá síðasta fundi.
8. Heildarendurskoðun aðalskipulags – kynning á stöðu.
9. Viðbrögð vegna olíumengunar í höfnum – erindi frá Umhverfisstofnun.
10. Breytingar á samþykktum sveitarstjórnar um fundarsköp – erindi frá Samúel Kristjánssyni.
11. Tillaga að matsáætlun vegna framleiðslu Háabrunar á regnbogasilung – framhald umræðu frá síðasta fundi.
12. Umsókn um leyfi til rannsóknarboranna vegna Álftafjarðargangna.
13. Úrvinnsla erinda sem berast sveitarstjórn.
14. Ráðningarsamningur sveitarstjóra lagður fram.

- 
1. Sveitarstjóri gerir grein fyrir helstu verkefnum.
  2. Framhald af umræðu síðasta fundar sveitarstjórnar um breytta sviðsmynd nefnda og ráða Súðavíkurhrepps.

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu að nýrri sviðsmynd nefnda:

## **Allsherjarar og fjármálanefnd.**

## **Skipulags, byggingar, umhverfis og samöngunefnd.**

## **Fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd.**

## **Atvinnu og landbúnaðarnefnd.**

## **Félagsmálanefnd.**

Hugmyndin að breyttri sviðsmynd nefnda og ráða byggir á því að fækka nefndum, auka málavið hverrar nefndar og fjölga nefndarmönnum úr þremur í fimm.

Lagt er til að formaður hverrar nefndar verður aðalmaður í sveitarstjórn. Þannig mun sveitarstjórn skipta með sér formennsku í þessum fimm nefndum.

Þessari breytingu er ætlað að auka þekkingarsvið hverrar nefndar, auka skilvirkni milli tengdra málaflokka, fækka nefndum og létta þannig á stjórnsýslu og tengja sveitarstjórn betur vinnu hverrar nefndar. Þannig ber aðalmaður í sveitarstjórn ábyrgð á einni málanefnd og gerir grein fyrir starfi hennar og ákvörðunum í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu oddvita að breyttri sviðsmynd nefna Súðavíkurrepps. Tillagan þarfnast tvöfaldrar umræðu. Ákveðið að sveitarstjórn komi saman í ágúst til að staðfesta nýja tillögu og skipa nýja fulltrúa í nefndirnar.

Skrifstofa sveitarfélagsins verður starfandi í júlí og mun taka við erindum ef berast og upplýsa sveitarstjórn, á meðan breytingum stendur.

3. Sveitarstjórn samþykkir að semja við Jóhönnu Kristjánsdóttur um umsýslu Ísafjarðarár sumarið 2018.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að semja við Jóhönnu á grundvelli innsends erindi.

4. Sveitarstjóri kynnir minnisblað/samantekt lögfræðistofunnar Direkta, unnið af Ástu Sólveigu Andrésdóttur, lögfræðing.
5. Sveitarstjóri kynnir lögfræðialit lögfræðistofunnar Pacta, unnið af Ómari Karli Jóhannessyni, sem fjallar um ábyrgð og skyldur Súðavíkurrepps varðandi neysluvatn í Reykjanesi, með tilsjón af vatnsbólunni í Reykjafjarðarlandi.

Í samantekt kemur eftirfarandi fram:

*Með vísan til ofangreindrar samantektar eru niðurstöður undirritaðs eftirfarandi:*

- *Í nágildandi aðalskipulagi er tilgreining vatnsbóla í Reykjarfirði, og lýsing á nýtingu þeirra, með engum hætti bindandi fyrir eigendur Reykjarfjarðar hvað varðar ráðstöfun vatns úr bólinu.*
- *Súðavíkurreppi ber skylda til að tilgreina þau vatnsból sem eru innan sveitarfélagsmarka í aðalskipulagsáætlun sinni. Hins vegar ber sveitarfélaginu ekki skylda til að lýsa þeirri nýtingu sem viðgengist hefur á vatni úr bólinu.*
- *Sveitarfélaginu ber að lýsa í aðalskipulagsáætlun hvernig vatnsvernd skuli hagað í kringum viðkomandi vatnsból. Sú lýsing þarf að byggjast á ákvörðunum heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins um það hvernig vatnsverndarsvæðinu skuli hagað, þ.e. hvaða hluti þess er brunnsvæði, hvaða hluti grannsvæði og hvaða hluti fjarsvæði.*

- Súðavíkurhreppi er ekki ábyrgur fyrir neysluvatnsveitu á Reykjanesi. Það er á ábyrgð landeiganda að tryggja neysluvatn á landi sínu.
- Eignarhald landeiganda Reykjarfjarðar á vatnsbóli á landinu, og þar með nýtingarréttur vatnsins, er óskoraður skv. lögum þar sem Súðavíkurhreppur ætlar ekki að sýna fram á nauðsyn þess fyrir sveitarfélagið að nota vatnið í vatnsveitu.

**Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna lögfræðiúttektina inn í aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins.**

6. Ákveðið að Bláberjadagar verði, eins og undanfarin ár, fyrstu helgina í sept.  
**Uppfært, 1. júlí 2018. Áhugahópur um bláberjadaga hefur hafið skipulagningu á dögnum helgina 17. – 19. ágúst. Sveitarstjórn breytir áður samþykkri dagsetningu í helgina 17. – 19. ágúst.**
7. Framhald umræðu frá síðasta fundi um nýja heimasíðu Súðavíkurhrepps.

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tilboð Stefnu, 973.250 kr. um gerð og uppsetningu (stofngjald) á nýrri heimsíðu Súðavíkurhrepps.**

8. Sveitarstjóri kynnir feril og stöðu heildarendurskoðunnar á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps.
9. Lagt fram.
10. Samúel Kristjánsson leggur fram tillögu um breytingar á samþykktum sveitarfélagsins um fundarskóp, 1 málsgrein, 9. grein, um lágmarks tíma fyrir lokadagskrá og gögn fyrir hvern fund.

Samúel leggur til að lágmarksfrestur verði vika í stað tveggja daga.

**Samþykkt samhljóða.**

11. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir Hábrúnar um framleiðslu á regnbogasilung í Ísafjarðardjúpi. Fiskeldi á Vestfjörðum mun hafa jákvæð áhrif byggðaþróun svæðisins á næstu árum og áratugum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps áréttar að bæta þurfi hvernig er unnið er með umsóknir varðandi eldisframleiðslu af hendi stjórnvalda. Eins og ástandið er dag er ekki tekið á mögulegum skörunum svæða.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framleiðslan hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps og að einstakir umhverfisþættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum.

Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokallaðar slysasleppingar. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu að framkvæmdin spari hvergi til að verjast slíkum slysasleppingum.

Það von sveitarstjórnar að starfsemi félagsins verði til eflingar á atvinnulífi sveitarfélagsins.

12. Verksís, fyrir hönd Vegagerðarinnar, sækir um leyfir til Súðavíkurhrepps, fyrir rannsóknarborunum neðan Sauradals. Í erindinu kemur eftirfarandi fram;

*Verkís hf. fyrir hönd Vegagerðarinnar óskar eftir leyfi til rannsóknarborana neðan Sauradals í tveimur sniðum til að rannsaka aðstæður fyrir jarðgangamunna. Gera þarf slóða sem gengið verður frá strax, eins og mögulegt er, sjá meðfylgjandi verklýsingu ásamt myndum af fyrirhugum svæðum hér að neðan.*

*Áætlaður verktími er um 10. júlí. Áætlaður verktími var í lok júlí en verktaki hefur nú óskað eftir að hraða verkinu og því líklegt að verkið hefjist 10. júlí.*

*Alþingi hefur veitt lítilli fjárhæð til jarðgangarannsókna vegna Álftafjarðarganga. Árið 2001 var gerð yfirlitsathugun á nokkrum gangaleiðum í tengslum við, Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegur milli Súðavíkur og Bolungarvíkur, meðal annars á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.*

*Í Súðavík var valið á sínum tíma að sýna munna í mynni Eyrardals (Sauradals), þar er hann í nokkurri hæð eða 60 m, og þarf að leggja frá honum veg í sneiðingum inn undir Langeyri til að komast niður. Þetta er ókostur bæði brekkan og einnig lengri leið til Súðavíkur. Mikilvægt er að kanna þetta betur. Athuga þarf einnig fleiri staði t.d. við sjávarmál utan Súðavíkur, sem leiðir ekki til lengri ganga ef hinn endinn er undir Naustahvíft. Fleira kemur mögulega til greina, eins og munnar innan við Súðavík.*

*Til að skoða framangreinda munnastaði ásamt eitthvað fleirum þarf að frumhanna vegi að þeim og gera einhverjar athuganir á þykkt lausra jarðefna. Ekki er talin ástæða til að fara í neinar frekari athuganir á bergi á þessu stigi, heldur verður stuðst við almenna þekkingu á jarðfræði svæðisins, enda ekkert sem bendir til að þar verði við sérstaklega erfiðar aðstæður að etja. Val á munnastöðum og þar með lengd jarðganga eru þeir þættir sem mestu máli skipta á þessu stigi.*

*Til að ná þessu markmið varðandi mynni Sauradals þarf að bora. Miðað er við að fara upp gamla slóð frá Eyrardalsbænum og síðan eftir melum upp með ánni. Áætlað er að fara upp í nálægt 70 m hæð en það verður ákveðið endanlega eftir að boranir eru hafnar. Gera þarf slóða frá 50 m hæð upp í 70 m hæð í tveimur sniðum, nauðsynlegt er að gera sneiðinga fyrir ofan þá hæð. Sneiðingar verða jafnaðir út strax innan nokkurra daga og í sáð í grasfræi. Sáningu er mögulega ástæða til að endurtaka næsta vor.*

### **Sveitarstjórn samþykkir leyfi fyrir rannsóknarborun neðan Sauradals, með vísan í umsókn frá Verkís, í umboði Vegagerðarinnar.**

13. Sveitarstjóri kynnir hugmyndir um íbúagátt tengda nýrri heimasíðu, sem mun bæta skilvirkni og gegnsæi við afgreiðslu innsendra erinda.

Sveitarstjórn áréttar að það sé vilji hennar bæta úrvinnslu og skilvirkni innsendra erinda á kjörtímabilinu.

14. Lagður fram ráðningarsamningur sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

Almennar umræður í lokin .

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 13:40**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Samúel Kristjánsson**

**Elsa Borgarsdóttir**

**Steinn Ingi Kjartansson**  
**oddviti**